

Sýning Elíasar

Myndlist

Valtýr Pétursson



Það sýningaflóð, sem átt hefur sést stað á undanförunum árum hér í borg, fæðir af sér margar og einkennilegar spurningar. Þar á meðal er maður farinn að spyrja í hvert sinn, sem boðskort berast inn úr dyrum, er þetta alvörumálari eða gervilistamaður?

Eliás B. Halldórsson er alvörumálari og það sannar sú sýning sem hann nú heldur á Kjarvalsstöðum. Hann er í kaupstað, ef svo mætti til orða taka, því að hann er búsettur norður á Sauðárkróki og er því einn af fáum málurum, sem ekki er búsettur á höfuðborgarsvæðinu. Eliás hefur haft gott næði, og margt bendir til þess að einangrun hans hafi verið honum um margt til góðs, þó er ég hræddur um, að hann sakni ýmissa hluta þarna norður á Króknum, en ekki meir um það.

Sýning Elíasar er veigamikil og gefur góða hugmynd um Eliás sem málara. Hann er vel sjóður í fræðunum og hefur haldið margar einkasýningar bæði hér og annars staðar. Hann sýnir í þessum verkum, að hann er enginn byrjandi, allt er þrauthugsað og hnitmiðað; ef til vill um of á stundum. Yfirleitt eru það nokkuð stór léreft sem hann sýnir, en einnig er þarna að finna litlar oliumyndir, gerðar á pappír og sumar þeirra eru að mínu mati fremri sumum stóru verkun-

um. Þarna er einnig eitt stærsta málverk, sem ég man eftir að hafa séð hér á landi. Það er hið mikla verk „Blóðnætur“ No. 79 á sýningu Elíasar. Hér er um stórvirki að ræða, sem ætti skilið að skreyta opinbera byggingu, en það er nokkuð einhæft í myndbyggingu og litameðferð; rautt ræður þar ríkjum og myndbygging er meitluð í samræmi við edli litarins. Ég virði þetta verk, en ég er ekki viss um, að það sé bezta myndlistin á þessari sýningu. Verk eins og No 6, 9, 51, 58, 60, 75 og 43 finnst mér vera þungamiðja þess tímabils hjá Eliási, sem hann sýnir að sinni. Hann á það til að vera nokkuð þungur í myndbyggingu sinni og litameðferð, en hann á það líka til að spretta úr spori og þá lifnar yfir hlutunum. Flest eru þessi verk abstraktionir, sem eru í nánú sambandi við umhverfið og tilveruna; jafnvel væri hægt að kalla sum þessara verka stíliseruð afbrigði af sjálfri náttúrunni eða á að segja þau sprottin úr daglegum hugarheimi listamannsins? Hvernig svo sem orðalagið er eru þetta vönduð verk, sem sýna hver dugur er í þessum sérsinnaða utanborgarmanni og það gefur þessum verkum sannarlega svip, og það er svipur Elíasar B. Halldórssonar og einskis annars.

Það mætti sjálfsagt finna þessum verkum ýmislegt til foráttu, en þau er svo heidarleg og vel unnin, að ekki verður annað sagt en að hér sé merkileg sýning á ferð.



mikill kraftur í myndgerð hennar og hún hefur næma tilfinningu fyrir litnum; hvernig hráir tónar, sem fara í finu taugarnar en þess í stað hrynjandi, sem gerir litinn að aðalefni verksins, en formið hefur minna að segja. Það má þekkja svolítið hollenzkt við þessi verk, og þau sverja sig í þá hefð sem gert hefur hollenzkt málverk að því, sem það er. Það er hér til staðar og er undirtóninn í því sem Nini Tang gerir í myndlist sinni í dag. Hún notar nútíma aðferðir en enginn sem þekkir til hollenzkra málara, getur efast um uppruna þessara verka. Það var mjög skemmtilegt að sjá þessi verk, og ég fagna sýningum hjá ungu fólki, þegar alvara og hæfni spila þannig saman, að úr verður verk, sem endurnýja og rumska við gömlum fauskum eins og þeim sem þetta ritar.

Þarna komu mér á óvart hæfileikar, sem ég er viss um að eiga eftir að þróast og þroskast, ef vel er unnið og rétt á haldið. Hafi Nini Tang þókk fyrir komuna, og vonandi á hún eftir að koma enn einu sinni.

Leikbrúðutöfrar

Kvikmyndir

Sæbjörn Valdimarsson

Stjörnuþjó: Leikbrúðutöfrar ☆☆☆
Leikstjóri: Frank Oz. Framleiðandi: Jim Henson, David Lazer. Handrit: Oz, Tom Patchett, Jay Tarsess. Myndataka: Robert Panyntter. Klipping: Evan Lottman. Tónlist: Ralph Burns. Brúðstjóri: Jim Henson, Frank Oz, Dave Goetz, Steve Whimire, Richard Hunt, Jerry Nelson. Leikin hlutverk: Juliana Donald, Lonny Price, Louis Zorich. Frumsýnd í júlí 1984. Fyrsta mynd hins nýja dreifingarfyrtækis Tri Star. 94 mín.

Þeim Oz og Henson hefur líklega ekki áður tekist betur upp sem galdrakarlar en í **Prúðuleikararnir slá í gegn**. Söguþráðurinn er að vísu nokkuð langdreginn og misgóður, en því betri tókum hafa kvikmynda-gerðarmennirnir náð á þessum dæmalausum brúðum.

Nú ætla þeir Kermit og félagar að slá í gegn á Broadway, með frumsömdum dans- og söngvaleik. En einsog leikhúsfólk veit er leiðin þangað ekki auðhlaupin, heldur löng og ströng. Og eftir fjölmargar, misheppnaðar tilraunir við að koma verkinu á fjalirnar, lítur helst út fyrir að draumurinn sé að renna út í sandinn og hópurinn heldur hver í sína áttina. Svo þegar allar vonir um stjörnuskininu á Broadway virðist fyrir bí kemur kornungur

framleiðandi til skjalanna og áður en varir eru æfingar hafnar á nýjan leik.

En nú kemur babb í bátinn, aðalmaðurinn, Kermit, er nefnilega gufaður upp, svo loks er hann finnst, á frumsýningardaginn, kemur í ljós að hann hefur tapað minninu!

Hér er oft unaðslega fléttá saman raunveruleikanum og ævintýrinu. Það hefur heldur betur fjölgað í prúðuleikarahópnum og munar þar mest um eldhressar rottur sem hafa ofan af fyrir sér með því að þjóna til borðs á litilli matstofu á Manhattan! Stofan sú verður aðal- aðsetur Prúðuleikarahópsins. Sem fyrr er textinn meinfyndinn, hlýr og kærleiksrikur og myndin í heild hin ágætasta fjölskylduskemmtun.

Einsog fram hefur komið, er mikið sungið og dansað í **Prúðuleikurunum**... og geri aðrir betur! Áður hefur verið vikið að glæsilegri frammistöðu stjórnaða brúðanna, þeir leikarar sem eru af holdi og blóði standa sig með sóma, ekki sist Lois Zorich og Juliana Donald sem eigandi matsölustaðarinnar og dóttir hans. Að venju bregður fyrir mörgum, þekktum andlitum, m.a. Dobney Coleman, Gregory Hines, Art Carney, Liza Minelli, Elliott Gould og Brooke Shields. En senuþjófararnir eru auðvitað Kermit og Svinka, og nú tekst henni loksins að koma eftirlætisfroskinum sínum í hnapphelduna...

Morgunblaðið

Áskriftarsíminn er 83033

annir fætur, breiðir fætur



Kr. 549

Kr. 599

Kr. 599

Kr. 299

Kr. 579

Kr. 299

Kr. 599

Sumarfætur þurfa léttu og lipra strigaskó á góðu verði

Póstverslun: Sími (91) 30980

HAGKAUP

Reykjavík · Akureyri · Njarðvík